

Nd.

4. Frumvarp til laga

[4. mál]

um hvalveiðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Rétt til að stunda hvalveiðar í íslenskri landhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, skulu íslenskir ríkisborgarar einir hafa, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi í 1 ár og hlotið löggildingu atvinnumálaráðuneytisins.

Ef um félag er að ræða, skal meira en helmingur hlutafjárins vera í eigu manna, sem uppfylla skilyrði fyrstu málsgreinar þessarar greinar, enda sé stjórn félagsins skipuð slíkum mönnum, er eigi heimilisfang og varnarþing á Íslandi.

Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem atvinnumálaráðuneytið telur nauðsynlegar.

2. gr.

Til hvalveiða má einungis nota skip, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir að notuð séu. Leyfi til notkunar erlendra skipa skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

3. gr.

Óheimilt er að veiða

- a. hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja;
- b. tiltekna tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því sem atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

4. gr.

Með reglugerð getur atvinnumálaráðuneytið

- a. bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum;
- b. takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs;
- c. takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar;
- d. takmarkað veiðiútbúnað;
- e. bannað íslenskum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda, og
- f. sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

5. gr.

Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljóti sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

Jafnframt má ákveða leyfisgjald fyrir löggildingu samkvæmt 2. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

7. gr.

Eigandi hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í visindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirætlum laga þessara.

9. gr.

Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

10. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað með sektum og fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem sekur er um hlutdeild í slíku broti. Ólöglegur afli og veiðarfæri skulu upptæk.

Leggja má lögöld á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúknirgar sektum og kostnaði.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og lög nr. 6 6. marz 1896, um hvalleifar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna þátttöku Íslands í alþjóða hvalveiðisamningum (sbr. Stj.tíð. A. 55/1947), er nauðsynlegt að endurskoða gildandi löggjöf um hvalveiðar. Samningar þessir eru byggðir á þeirri meginreglu, að alþjóðasamvinna sé nauðsynleg til þess að vernda hvalstofninn gegn rányrkju og eru því sett ákvæði um, að hvalveiðar megi eigi stunda á tilteknum svæðum, að vissar tegundir hvala séu algerlega friðaðar, að enn aðrar tegundir megi einungis veiða er þær hafa náð tiltekinni lágmarksstærð o. s. frv. Hefði verið hugsanlegt að lögfesta samningsákvæðin í heild, en gera verður ráð fyrir, að nýir samningar verði gerðir um breytingar á friðunarákvæðunum eftir því sem visindalegar rannsóknir gefa tilefni til. Sýnist því hagkvæmara, að hin ýmsu ákvæði verði nánar tiltekin í reglugerð með stoð í allrúmri lagaheimild. Hefur sú leið verið farin í frumvarpi þessu.

Um 1. gr.

Ákvæðið í 4. gr. (f.) nær til veiða íslenzkra ríkisborgara utan landhelgi í þeim tilgangi, að afli sé lagður upp í landi, sem ekki er aðili að hvalveiðisamningunum.

Upplýsingaskylda sú, sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. þessarar greinar, er aðallega miðuð við eftirlit og skýrslugjafir til alþjóðahvalveiðinefndarinnar.

Um 2. gr.

Ekki hefur þótt ástæða til að setja ákvæði, er banni sölu hvalveiðiskipa úr landi, því að lög nr. 2 18. janúar 1917, um hann við sölu og leigu skipa úr landi, myndu einnig ná til þess.

Nauðsynlegt er að atvinnumálaráðuneytið hafi heimild til að leyfa notkun erlendra hvalveiðiskipa, því að óhentugt getur verið, að hvalveiðiskip séu keypt til landsins örvar en reynsla gefur tilefni til.

Um 3. gr. og 4. gr.

Í hvalveiðisamningunum eru nákvæm fyriræli um þau atriði, sem rædd eru í þessum greinum. Þeim ákvæðum virðist hagkvæmast fyrir komið í reglugerð. Í nágildandi hvalveiðisamningum eru ákvæði um algera friðun gráhvála og sléttbaka, svo og hvála þeirra, er a-liður 3. gr. ræðir um. Þá eru þar einnig ákvæði um lágmarksstærð skiðishvála, sem heimilt er að veiða. Friðunarákvæði samkvæmt b-lið 3. gr. myndu eigi ná til smáhvalaveiða þeirra, sem tíðkast hafa hér við land, t. d. fyrir Vestfjörðum.

Ákvæðið í a-lið 4. gr. myndi ná til þess að banna hvalveiðar á tilteknum svæðum, sem alþjóðasamningarnir ná ekki til, t. d. í sambandi við sildveiðar.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt þykir að atvinnuáráðuneytið geti séð um, að verkun afla fari ekki fram á þeim stöðum, sem óhentugir mega teljast vegna annarra þýðingarmikilla hagsmuna.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein myndi heimilt að setja ákvæði í reglugerð varðandi merkingu skipa, bókhald o. fl.

Í hvalveiðisamningunum er lögð sú skylda á samningsríkin, að „fullnægjandi eftirlit“ sé haft með hvalveiðistöðvum af þar til skipuðum mönnum, er laun taki úr ríkissjóði. Hins vegar myndi kostnaður, sem af því leiddi, vera bein afleiðing af hvalveiðunum, og þykir því sanngjarnt, að sá atvinnuvegur standi straum af honum að einhverju leyti eða öllu.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta er byggt á hvalveiðisamningunum.

Um 10. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði Jónsbókar um rekahval haldi gildi sínu, sbr. og orðalag 1. gr. frumvarpsins („stunda hvalveiðar“).